

## SAMÞYKKT UM TÍMABUNDINN AFSLÁTT AF GATNAGERÐAGJÖLDUM

Vegna mikillar eftirspurnar eftir íbúðarhúsnæði samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra tímabundna heimild til niðurfellingar gatnagerðargjalda í samræmi við 6. gr. laga nr. 153/2006 og 6 gr. samþykktar Húnaþings vestar um gatnagerðargjöld nr. 717/2013.

Sveitarstjórn samþykkir að eftirfarandi ákvæði gildi um úthlutun allt að 11 íbúðarhúsalóða sem afslátturinn mun ná til, tvær á Laugarbakka og níu á Hvammstanga.

- Lóðirnar sem umræðir verða skilgreindar á lista sem sveitarstjórn samþykkir.
- Umsóknir um lóðirnar skulu berast eigi síðar en 31. desember 2022 en umsóknir sem berast á umsóknarfresti verða afgreiddar af byggðarráði.
- Sæki fleiri en einn um sömu lóðina gildir einnig útdráttur milli umsækjenda.
- Við úthlutun lóðanna skulu gilda ákvæði um að umsækjandi hefur sex mánuði frá úthlutunardegi til að skila inn fullnægjandi byggingarnefndarteikningum og umsókn um byggingarleyfi. Byggingaframkvæmdir skuli vera hafnar innan árs frá úthlutun og að byggingar skuli hafa hlotið foheldisvottorð innan tveggja ára, „að öðrum kosti fellur niður ákvæði um afslátt gatnagerðargjalda“

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og lista yfir þær lóðir sem samþykktin nær til og felur sveitarstjóra að auglýsa hana.

### Lóðir sem afsláttur gatnagerðargjalda ná yfir:

#### Hvammstangi

- **Bakkatún 3**
- **Bakkatún 5**
- **Bakkatún 7**
- **Grundartún 13**
- **Grundartún 15**
- **Grundartún 17**
- **Grundartún 2**
- **Hlíðarvegur 21**
- **Norðurbraut 15**

#### Laugarbakki

- **Teigagrund 7**
- **Gilsbakki 1-3 parhús**

Samþykkt á 347. fundi sveitarstjórnar þann 13. janúar 2022